

Starfsleyfi

viðskiptabanka

Fjármálaeftirlitið gjörir kunnugt:

MP banki hf.

hefur í dag fengið starfsleyfi sem viðskiptabanki skv. 1. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Starfsleyfi MP banka hf., kt. 540502-2930 tekur til móttöku endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi skv. 1. tl., útlána skv. 2. tl., útgáfu og umsýslu greiðslukorta skv. 4. tl., útgáfu og umsýslu rafeyris skv. 5. tl. og viðskipta og hjónustu með fjármálagerninga samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti sem felst í móttöku og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga skv. tölulið 6 a, framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina skv. tölulið 6 b, eignastýringu skv. tölulið 6 c, fjárfestingarráðgjöf skv. tölulið 6 d, sölutryggingu í tengslum við útgáfu fjármálagerninga og/eða útboð fjármálagerninga skv. tölulið 6 e og umsjónar með útboði fjármálagerninga án sölutryggingar og taka verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skv. tölulið 6 f í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

MP banki hf. hefur upplýst Fjármálaeftirlitið að félagið hyggist stunda þá starfsemi á grundvelli 20. og 25. gr. laga nr. 161/2002 sem upp er talin í viðauka við starfsleyfi þetta. Viðaukinn telst hluti starfsleyfisins og er félaginu óheimilt að hefja nýja starfsemi án þess að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um slíkt fyrirfram og óska eftir viðtækara starfsleyfi.

Fullnægi leyfishafi ekki lengur þeim skilyrðum sem leyfi þetta er háð fellur það úr gildi.

Reykjavík, 11. apríl 2011



Gunnar P. Andersen



Helga Rut Eysteinsdóttir

Víðauki við starfsleyfi

MP banki hf.

MP banki hf. hefur kunngjört að félagið hyggist stunda eftirtalda starfsemi á grundvelli 1. mgr. 20. gr. laga nr. 161/2002:

1. Móttöku innlána og annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi.
2. Útlánastarfsemi:
 - a) neytendalán
 - b) langtímaveðlán
 - c) kröfukaup og kaup skuldaskjala og
 - d) viðskiptalán.
4. Greiðslumiðlun
5. Útgáfu og umsýslu greiðslumiðla (t.d. greiðslukorta, rafeyris, ferðatékka og víxla)
6. Veitingu ábyrgða og trygginga.
7. Viðskipti fyrir eigin reikning eða fyrir viðskiptavinum með:
 - a) greiðsluskjöl á peningamarkaði (ávísanir, víxla, önnur sambærileg greiðsluskjöl o.s.frv.),
 - b) erlendan gjaldeyri,
 - c) framvirka samninga og skiptirétt (vilnanir),
 - d) gengisbundin bréf og vaxtabréf og
 - e) verðbréf.
8. Þátttöku í útboðum verðbréfa og þjónustuviðskipti sem tengjast slíkum útboðum.
9. Ráðgjöf til fyrirtækja um uppbyggingu höfuðstóls, áætlanagerð og skyld mál og ráðgjöf og þjónusta varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.
10. Peningamiðlun
11. Stjórnun og ráðgjöf varðandi samval verðbréfa.
12. Vörslu og ávöxtun verðbréfa.
13. Upplýsingar um lánstraust (lánshæfi)

Þá mun MP banki hf. veita eftirtalda þjónustu á grundvelli 1. mgr. 25. gr. laga nr. 161/2002:

1. Þjónusta
 - a. Móttaka og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga.
 - b. Framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina
 - c. Viðskipti með fjármálagerninga fyrir eigin reikning.
 - d. Eignastýring
 - e. Fjárfestingarráðgjöf
 - f. Söluþrygging í tengslum við útgáfu fjármálagerninga og/eða útboð fjármálagerninga.
 - g. Umsjón með útboði fjármálagerninga án söluþryggingar og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

2. Viðbótarþjónusta

- a. Varsla og stjórnun í tengslum við einn eða fleiri fjármálagerninga fyrir reikning viðskiptavinar, þ.m.t. vörslu fjármálagerninga og tengdrar þjónustu, svo sem vegna fjármuna eða trygginga.
- b. Veiting lánsheimilda, ábyrgða eða lána til fjárfestis þannig að hann geti átt viðskipti með einn eða fleiri fjármálagerninga ef verðbréfafyrirtæki sem veitir lánsheimildina eða lánið annast viðskiptin.
- c. Ráðgjöf til fyrirtækja um uppbyggingu eigin fjár, stefnumótun og skyld mál og ráðgjöf og þjónusta varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.
- d. Þjónusta í tengslum við sölutryggingu.
- e. Gjaldeyrishjónusta ef umrædd viðskipti eru liður í fjárfestingarþjónustu.
- f. Fjárfestingarrannsóknir og greining eða annað form af almennum ráðleggingum í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga.
- g. Þjónustu í tengslum við undirliggjandi eignir afleiðusamninga skv. e- og h-lið 2. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um verðbréfavíðskipti þegar þær tengjast þeirri þjónustu sem er veitt skv. 1. og 2. tölul.

Viðauki þessi er hluti starfsleyfis MP banka hf. og er félaginu óheimilt að hefja nýja starfsemi án þess að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um slíkt fyrirfram og óska eftir viðtækara starfsleyfi.

Reykjavík, 11. apríl 2011


Gunnar P. Andersen


Helga Rut Eysteinsdóttir